



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

SEEDS kynnir spennandi verkefni í **Kaštele, Króatíu!**

Hefur þú áhuga á að ferðast, kynnast nýju fólki og annari menningu á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt?

SEEDS mun senda fimm Íslendinga á aldrinum 18-25 ára til þátttöku í ungmennaskiptunum „**United For Social Inclusion**” sem mun fara fram í **Kaštele í Króatíu**. Hefur þú áhuga á að taka þátt?

Hvenær: 01.08. - 13.08.2013

Umsóknarfrestur: Til miðnættis sunnudaginn 16. júní, 2013.

Þema ungmennaskiptanna:

Þessi ungmennaskipti eru skipulögð í samvinnu við samtökin Association Realization og ungmennasamtök sem starfa í Kaštele. Þátttakendur munu vinna með ungu fólki á svæðinu og aðstoða við hin ýmsu verkefni sem tengjast sérstakri ungmennavíku sem líkur með tvennum tónleikum. Þátttakendur munu meðal annars aðstoða við umhverfistengd verkefni, svo sem hreinsun svæða, auk þess að taka þátt í menningartengdum vinnustofum og aðstoða við skipulagningu „Kaštele Rock Evenings“ tónleikanna sem haldnir verða að kvöldi til 9. og 10. ágúst.

Þátttakendur munu alla jafna vinna um 6 tíma á dag, frá kl. 10 – 13 á morgnanna og frá kl. 17 – 20 á kvöldin. Þá daga sem tónleikarnir fara fram munu þátttakendur vinna frá kl. 18 – 24. Þrjú frídagar eru innifaldir í verkefninu, 3., 4. og 12. ágúst. Þátttakendur munu einnig heimsækja nærliggjandi bæji og fá meðal annars fræðslu um hvernig heimamenn starfa að verndun umhverfisins yfir sumarið þegar mikið er um ferðamenn. Að auki verða höfuðstöðvar ungmennasamtakanna Triangle Youth heimsóttar og þátttakendur munu fræðast um það starfsemi samtakanna.

Þessi ungmennaskipti eru ætluð þeim sem hafa áhuga á málefnum tengdum ungmenna- og æskulýðsstarfi. Einnig er verið að leita að þátttakendum sem hafa áhuga og/eða reynslu á sviði ljósmyndunar, blaðamennsku, tónlistar og annari listsköpun.

Tungumál verkefnisins: Ungmennaskiptin munu fara fram á ensku og þátttakendur þurfa að hafa gott vald á talaðri ensku.

Þátttökulönd auk Íslands: Lettland og Króatía.

Fjöldi þátttakenda: 5 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18-25 ára.

Aðstaða: Verkefnið fer fram í Kaštele sem samanstendur af sjö minni bæjum sem saman mynda eina heild. Kaštele er aðeins í nokkurra kílómetra fjarlægð frá borginni Split sem staðsett er við Adríahafið. Þátttakendur munu gista á vindsængum í svefnokaplássum í sjálfbærliðamiðstöðinni í Kaštel Lukšić og þurfa m.a. að hafa með sér svefnpoka og handklæði. Þátttakendur munu sjálfir hjálpast að við matseld en staðahaldarar útvega öll matvæli.

Í frítíma sínum geta þátttakendur m.a. ferðast um svæðið, farið á ströndina og skoðað sig um á sögulegum slóðum. Góðar almenningssamgöngur tengja bæjina í Kaštele auk þess sem þaðan eru strætóferðir til Split á hálf tíma fresti. Sumrin eru alla jafna mjög heit og mögulegt er að hiti fari yfir 30°C í ágúst og því þurfa þátttakendur að taka með sér viðeigandi fatnað.



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

Skilyrði til þátttöku:

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti.
- Áhugi á málefnum sem tengjast ungmenna- og æskulýðsstarfi
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi verkefnisins með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í verkefninu frá upphafi þess til loka.

Kostnaður: SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Youth in Action, ungmennaáæltun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur.

Þátttakendur munu að auki fá 50% af ferðakostnaði vegna ungmennaskiptanna endurgreiddan eftir heimkomu, þó að hámarki 400€ (Evrur) fyrir hvern þátttakanda, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað til SEEDS og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og staðfestingargjald SEEDS sem er 20.000 kr.. Þeir sem ekki verða valdir að þessu sinni greiða ekkert gjald.

Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina.

Umsóknareyðublað fyrir ungmennaskiptin er að finna á:

<http://www.seeds.is/files/SEEDS-umsoknarform.doc>

Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út á ensku og senda það á outgoing@seeds.is fyrir miðnætti þann **16. júní 2013**. Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli við val þá þátttakendum.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Unnur Silfá Eyfells, verkefnastjóri hjá SEEDS, á netfanginu outgoing@seeds.is eða í síma 845 0766.

Upplýsingar um SEEDS og starfsemi samtakanna er að finna á heimasíðu okkar, www.seeds.is

